

Sp.

248. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1986.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Starf fjárveitinganefndar við undirbúning að afgreiðslu fjárlaga hófst formlega þegar eftir að nefndin hafði verið kjörin á Alþingi 24. október. Áður höfðu nefndarmenn í raun

hafið þetta starf, með viðtölum við fulltrúa frá yfir 50 sveitarfélögum fyrir þingbyrjun og við athugun á fjárlagafrumvarpinu eftir að þingið kom saman. Nefndin hefur að þessu sinni tekið við á fimmta hundrað skráðum erindum og á formlega fundi nefndarinnar hafa komið fulltrúar frá um 220 aðilum, sveitarfélögum, stofnunum og félagasamtökum, auk fjölda aðila, sem haft hafa samband við einstaka nefndarmenn eða nefndarhluta.

Fyrir 2. umr. hefur n. lokið afgreiðslu á skiptingu allra fjárfestingarliða, mestum hluta þeirra tillagna sem ríkisstjórnin hefur beint til nefndarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum og varða útgjöld samkvæmt A-hluta frumvarpsins og einnig á margvíslegum erindum er taka til ráðuneyta, stofnana og félagasamtaka.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins og munu fulltrúar stjórnarandstöðunnar skila séráliti.

Meiri hl. n. flytur tillögur um skiptingu fjárfestingarliða og einnig þær tillögur, sem fluttar eru samkvæmt tilmælum ríkisstjórnarinnar. Aðrar breytingartillögur eru fluttar af nefndinni í heild og birtast þær á þskj. 244. Minni hl. áskilur sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Breytingartillögur nefndarinnar og meiri hlutans eru allar fluttar á forsendum frumvarpsins. Breytingar á verðlags- og launaforsendum verða hins vegar teknar til athugunar og afgreiðslu við 3. umr. Til 3. umr. bíður einnig tekjuhlíð frumvarpsins, þar á meðal þær breytingar, sem kynntar hafa verið sem ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Enn fremur bíða 3. umr. B-hluta stofnanir: Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóður, ríkisspítal- ar og heimildir samkv. 6. gr., auk nokkurra smærri atriða.

Þær breytingartillögur, sem fjárveitinganefnd flytur við þessa umræðu, fela í sér hækkun útgjalda sem nemur samtals 85 millj. kr. og er það aðeins um 0,25% af útgjöldum frv. eins og það var lagt fram. Tillögur, sem fluttar eru af meiri hl. n., fela hins vegar í sér lækun á útgjöldum frv. um 211 millj. króna. Verði þessar tillögur samþykktar lækka því útgjöld frumvarpsins um 126 millj. króna við 2. umr.

Þótt nefndin hafi talið óhjákvæmilegt að gera nokkrar breytingar til hækkunar á gjaldabálki frv. er óhætt að fullyrða að ekki hafi, a. m. k. á síðari árum, gætt meiri varúðar og aðhalds í meðferð fjárveitinganefndar á fjárlagafrumvarpinu en að þessu sinni. Flestir munu sammála nefndinni um nauðsyn þess að halda þannig á málum eins og nú standa sakir.

Tillögur nefndarinnar um breytingar á gjaldahlíð frumvarpsins eru þessar:

00 Æðsta stjórn ríkisins.

- 101 Embætti forseta Íslands: Önnur gjöld hækki um 2400 þús. kr. og verði 12 122 þús. kr. vegna þess að tekið er upp nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni: Öryggiskerfi.

01 Forsætisráðuneyti.

- 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa: Önnur gjöld lækka um 400 þús. kr. og verða 11 662 þús. kr.
- 901 Húsameistari ríkisins: Önnur gjöld lækka um 300 þús. kr. og verða 2969 þús. kr. og sértekjur hækka um 300 þús. kr. og verða 13 352 þús. kr.
- 902 Þjóðgardurinn, Þingvöllum og Þingvallanefnd: Önnur gjöld hækka um 500 þús. kr. og verða 5638 þús. kr.

02 Menntamálaráðuneyti.

- 201 Háskóli Íslands. Stofnkostnaður lækkar um 5000 þús. kr. og verður 95 000 þús. kr.
- 203 Raunvísindastofnun háskólans: Stofnkostnaður lækkar samtals um 5800 þús. kr. og verður 2700 þús. kr. sem skiptist þannig að tekið er upp nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni: Vindmylla í Grímsey 200 þús. kr., en stofnkostnaðarviðfangsefnið Fasteign lækkar um 6000 þús. kr.
- 308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut: Tekið er upp nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni 6400 þús. kr.
- 321 Kennaraháskóli Íslands: Laun hækka um 250 þús. kr. og verða 53 902 þús. kr.
- 323 Rannsóknastofnun uppeldismála: Önnur gjöld hækka um 130 þús. kr. og verða 1011 þús. kr.
- 359 Verkmenntaskólinn á Akureyri: Stofnkostnaður hækkar um 1200 þús. kr. og verður 11 200 þús. kr. vegna þess að tekið er upp nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni: Vélhermir.
- 506 Vélskóli Íslands: Stofnkostnaður hækkar um 1200 þús. kr. og verður 3600 þús. kr.
- 514 Iðnskólinn í Reykjavík: Laun lækka um 1500 þús. kr. og verða 73 919 þús. kr. en tekið er upp nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni: Tækjabúnaður 1500 þús. kr.
- 516 Iðnskólar, almennt: Stofnkostnaður hækkar um 1000 þús. kr. og verður 5900 þús. kr.
- 518 Fiskvinnsluskólinn: Önnur gjöld hækka um 500 þús. kr. og verða 18 726 þús. kr.
- 563 Tónlistarfræðsla: Laun hækka um 400 þús. kr. og verða 80 558 þús. kr. vegna hækkunar á viðfangsefninu: Aðrir tónlistarskólar, og stofnkostnaður hækkar um 400 þús. kr. og verður 1400 þús. kr.
- 730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra: Stofnkostnaður hækkar um 345 þús. kr. og verður 120 345 þús. kr.
- 881 Náms- og fræðimenn, framlög: Tilfærslur hækka um 450 þús. kr. og verða 14 149 þús. kr. vegna hækkunar á viðfangsefninu: Styrkur til útgáfustarfa.
- 885 Fullorðinsfræðsla: Tilfærslur hækka um 75 þús. kr. og verða 1155 þús. kr. sem skiptist þannig að viðfangsefnið: Bréfaskólinn, hækkar um 50 þús. kr. og viðfangsefnið: Félagsmálanámskeið, um 25 þús. kr.
- 901 Landsbókasafn Íslands: Önnur gjöld hækka um 180 þús. kr. og verða 4968 þús. kr. því að tekið er upp nýtt viðfangsefni: Viðhald.
- 903 Þjóðskjalasafn: Önnur gjöld hækka um 1600 þús. kr. og verða 4450 þús. kr. sem skiptist þannig að viðfangsefnið: Almennur rekstur, hækkar um 500 þús. og tekið er upp nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni: Innréttingar, 1100 þús. kr.
- 906 Listasafn Einars Jónssonar: Önnur gjöld hækka um 1000 þús. kr. og verða 1338 þús. kr. því að tekið er upp nýtt viðfangsefni: Viðhald.
- 907 Listasafn Íslands: Önnur gjöld lækka um 14 000 þús. kr. og verða 28 160 þús. kr. vegna lækkunar á stofnkostnaðarviðfangsefninu: Fríkirkjuvegur 7.
- 909 Blindrabókasafn Íslands: Önnur gjöld hækka um 500 þús. kr. og verða 3115 þús. kr. vegna þess að tekið er upp nýtt stofnkostnaðarviðfangsefni: Tækjabúnaður.
- 977 Þjóðarbókhlaða: Stofnkostnaður lækkar um 5000 þús. kr. og viðfangsefnið fellur brott.
- 981 Kvikmyndasjóður: Önnur gjöld lækka um 16 000 þús. kr. og verða 16 000 þús. kr.
- 982 Listir, framlög: Tilfærslur hækka alls um 6765 þús. kr. og verða 61 368 þús. kr. Vísast til breytingartillagna um skiptingu á einstaka liði. Vert er þó að geta þess að tekið er upp eitt nýtt viðfangsefni: Norrænt leiklistarþing, með 250 þús. kr.
- 983 Vísindaleg starfsemi, styrkir: Tilfærslur hækka um 400 þús. kr. og verða 1040 þús. kr. sem skiptist þannig að tekið er upp nýtt viðfangsefni: Surtseyjarfélagið, byggingarstyrkur, lokagreiðsla 150 þús. kr. og viðfangsefnið: Vísinda- og fræðistörf hækkar um 250 þús. kr.

- 984 Norræn samvinna: Viðfangsefnið Norræna félagið hækkar um 15 þús. kr. og verður 125 þús. kr.
- 985 Félagsheimilásjóður: Fjármagnstílfærslur lækka um 6000 þús. kr. og verða 12 000 þús. kr.
- 986 Íþróttasjóður: Fjármagnstílfærslur lækka um 6000 þús. kr. og verða 33 650 þús. kr.
- 988 Æskulýðsmál: Tilfærslur hækka um 770 þús. kr. og verða 10 530 þús. kr. Vísast til breytingartillagna um skiptingu á einstaka liði.
- 989 Ýmis íþróttamál: Tilfærslur hækka um 135 þús. kr. og verða 27 415 þús. kr. Vísast til breytingartillagna um skiptingu á einstaka liði.
- 991 Húsfriðun: Tilfærslur hækka um 3200 þús. kr. og verða 13 253 þús. kr. Vísast til breytingartillagna um skiptingu á einstaka liði. Athygli skal vakin á því að tekið er upp nýtt viðfangsefni: „Húsið“ á Eyrarbakka, með 450 þús. kr.
- 999 Ýmislegt: Tilfærslur hækka um 3221 þús. kr. og verða 11 991 þús. kr. Vísast til breytingartillagna um skiptingu á einstaka liði en athygli skal vakin á því að teknir eru upp þrjú liðir: Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum, sædýrasafn, 125 þús. kr., Hlíðardalsskóli, viðhald, 300 þús. kr., og Iðnsaga Íslands 2016 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneyti.

- 101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa: Önnur gjöld lækka um 2000 þús. kr. og verða 38 635 þús. kr. vegna lækkunar á viðfangsefninu: Kjöræðismenn.
- 399 Ýmis utanríkismál: Tilfærslur lækka um 7000 þús. kr. og verða 11 294 þús. kr. vegna lækkunar á viðfangsefninu: Matvæla- og neyðaraðstoð, skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

04 Landbúnaðarráðuneyti.

- 201 Búnaðarfélag Íslands: Tilfærslur hækka um 40 þús. kr. og verða 440 þús. kr. vegna viðfangsefnisins: Landþurrkun.
- 206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Önnur gjöld hækka um 1300 þús. kr. og verða 22 902 þús. kr. og vísast til breytingartillagna um skiptingu á einstaka liði.
- 231 Skógrækt ríkisins: Tilfærslur hækka um 1350 þús. kr. og verða 2700 þús. kr. Um skiptingu á einstaka liði vísast til breytingartillagna nefndarinnar en athygli er vakin á því að tekið er upp eitt nýtt viðfangsefni: Skógrækt einstaklinga, styrkir, 300 þús. kr.
- 247 Yfirdýralæknir: Önnur gjöld hækka um 500 þús. kr. og verða 5614 þús. kr. Athygli skal vakin á því að tekið er upp nýtt viðfangsefni: Dýralæknir fisksjúkdóma.
- 270 Landgræðslu- og landverndaráætlun: Gjöld hækka alls um 11 076 þús. kr. og verða 51 718 þús. kr. Vísast til breytingartillagna um skiptingu á einstaka liði.
- 299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi: Viðfangsefnið: Ýmis verkefni hækkar um 100 þús. kr. og verður 1300 þús. kr.
- 502 Bændaskólinn á Hólum: Laun hækka um 1381 þús. kr. og verða 11 260 þús. kr. og önnur gjöld hækka um 2500 þús. kr. og verða 19 270 þús. kr. Sértekjur lækka um 500 þús. kr. og verða 6845 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti.

- 202 Hafrannsóknastofnæun: Gjöld hækka um 990 þús. kr. og verða 184 233 þús. kr. vegna þess að tekin eru upp tvö ný viðfangsefni: Utibú í Vestmannaeyjum, almennur rekstur, 150 þús. kr., og Utibú í Vestmannaeyjum, stofnkostnaður, 840 þús. kr.
- 216 Ríkismat sjávarafurða: Rekstrargjöld lækka um 1000 þús. kr. og verða 24 770 þús. kr. og sértekjur hækka um 1000 þús. kr. og verða 7780 þús. kr.

06 Dómsmálaráðuneyti.

- 253 Almannavarnir ríkisins: Gjöld hækka alls um 344 þús. kr. og verða 7887 þús. kr.
- 281 Dómsmál, ýmis starfsemi: Önnur gjöld hækka um 325 þús. kr. og verða 16 989 þús. kr. vegna hækkunar á viðfangsefninu: Aðgerðir gegn fíkniefnum.
- 303 Prestaköll og prófastsdæmi: Laun lækka um 600 þús. kr. og verða 73 143 þús. kr. og önnur gjöld lækka um 1400 þús. kr. og verða 38 862 þús. kr. Um skiptingu á viðfangsefni vísast til breytingartillagna meiri hl. nefndarinnar.

07 Félagsmálaráðuneyti.

- 702 Málefni fatlaðra á Reykjanesi: Tilfærslur hækka um 260 þús. kr. og verða 400 þús. kr. vegna viðfangsefnisins: Atvinnuleit.
- 703 Málefni fatlaðra á Vesturlandi: Laun hækka um 393 þús. kr. og verða 7055 þús. kr.
- 705 Málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra: Gjöld hækka alls um 580 þús. kr. og verða 7621 þús. kr. vegna þess að tekið er upp nýtt viðfangsefni: Sambýli, Sauðárkróki.
- 706 Málefni fatlaðra á Norðurlandi eystra: Gjöld hækka alls um 2352 þús. kr. og verða 72 874 þús. kr. Um skiptingu á einstök viðfangsefni vísast til breytingartillagna nefndarinnar.
- 707 Málefni fatlaðra á Austurlandi: Gjöld hækka alls um 350 þús. kr. og verða 17 751 þús. kr. Vísast til breytingartillagna um skiptingu á einstök viðfangsefni.
- 708 Málefni fatlaðra á Suðurlandi: Gjöld hækka alls um 2211 þús. kr. og verða 43 935 þús. kr. Vísast til breytingartillagna um skiptingu á einstaka liði.
- 981 Vinnumál: Viðfangsefnið: Orlofsheimili launþegasamtakanna lækkar um 1280 þús. kr. en viðfangsefnið Ýmislegt hækkar um 1280 þús. kr.
- 999 Félagsmál, ýmis starfsemi: Tilfærslur lækka um 262 þús. kr. og verða 79 454 þús. kr. Um skiptingu á einstökum liðum vísast til breytingartillagna nefndarinnar.

08 Heilbrigðisráðuneyti.

- 325 Hollustuvernd ríkisins: Stofnkostnaður lækkar um 10 000 þús. kr. og verður 300 þús. kr.
- 350 Málefni fatlaðra: Gjöld hækka um 1200 þús. kr. og verða 13 276 þús. kr. vegna hækkunar á viðfangsefninu: Sjálfsbjörg, Akureyri.
- 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Tekið er upp nýtt viðfangsefni: Sjúkrahús St. Franciskusar-reglunnar í Stykkishólmi, 7000 þús. kr. en viðfangsefnið Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða lækkar um 14 000 þús. kr.
- 385 Framkvæmdasjóður aldraðra: Tilfærslur lækka um 14 000 þús. kr. og verða 65 000 þús. kr.
- 391 Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar: Viðfangsefnið: Viðhald fasteigna lækkar um 1000 þús. kr.
- 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi: Tilfærslur hækka um 6400 þús. kr. og verða 32 900 þús. kr. Vísast til breytingartillagna um skiptingu á einstaka liði. Þó skal vakin athygli á að tekið er upp nýtt viðfangsefni: Norrænt átak gegn krabbameini, 1000 þús. kr.
- 481 Bindindisstarfsemi: Tilfærslur hækka um 180 þús. kr. og verða 580 þús. kr. Vísast til breytingartillagna um skiptingu á viðfangsefni. Þó skal vakin athygli á að tekið er upp nýtt viðfangsefni: Norrænt bindindisþing, 100 þús. kr.
- 502 Proskapjálfaskóli Íslands: Önnur gjöld hækka um 470 þús. kr. og verða 2710 þús. kr.

09 Fjármálaráðuneyti.

- 981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs: Viðfangsefnið: Laugavegur 166 lækkar um 34 000 þús. kr. og fellur brott.
- 999 Ýmislegt: Viðfangsefnið: Símtöð fyrir Stjórnarráðið lækkar um 10 000 kr. og fellur brott.

10 Samgönguráðuneyti.

- 211 Vegagerð ríkisins: Gjöld lækka um 30 000 þús. kr. og verða 2 007 000 þús. kr. Um skiptingu á viðfangsefni vísast til breytingartillagna meiri hl. n.
- 333 Hafnamál: Gjöld hækka um 13 500 þús. kr. og verða 118 254 þús. kr. Um skiptingu á viðfangsefni vísast til breytingartillagna. Athygli skal þó vakin á því að tekin eru upp þrjú ný viðfangsefni: Landshöfn Þorlákshöfn, 4000 þús. kr., Landshöfn Rífi, 900 þús. kr., og Landshöfn Keflavík—Njarðvík, 600 þús. kr.
- 342 Sjóslysaneftnd: Tekið er upp nýtt viðfangsefni: Björgunarbúnaður Sigmunds, 100 þús. kr.
- 471 Flugmálastjórn: Önnur gjöld lækka um 1500 þús. kr. og verða 182 976 þús. kr. og sértekjur hækka um 1500 þús. kr. og verða 40 614 þús. kr.
- 485 Ýmis framlög: Tilfærslur hækka um 834 þús. kr. og verða 4850 þús. kr. Um skiptingu á viðfangsefni vísast til breytingartillagna nefndarinnar.

11 Iðnaðarráðuneyti.

- 221 Lánasjóðir iðnaðarins: Tilfærslur lækka um 12 000 þús. kr. og verða 28 000 þús. kr.
- 240 Iðnaðarrannsóknir: Tilfærslur lækka um 3000 þús. kr. og verða 13 000 þús. kr.
- 299 Iðja og iðnaður: Viðfangsefnið: Iðnsaga Íslands lækkar um 3016 þús. kr. og fellur brott.
- 371 Orkusjóður: Viðfangsefnið: Styrking dreifikerfis í sveitum lækkar um 10 000 þús. kr. og verður 30 000 þús. kr.

Alþingi, 11. des. 1985.

Pálmi Jónsson,
form., frsm.
Þórarinn Sigurjónsson.

Guðmundur Bjarnason.
Egill Jónsson.

Árni Johnsen.
Friðjón Þórðarson.